

Borgarbyggð  
Sigurður Friðgeir Friðriksson  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes

Reykjavík 9. mars 2020  
UST202002-511/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022 – Ytri-Skeljabrekka**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 28. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Borgabyggðar 2010 – 2022 sem nær til Ytri-Skeljabrekku.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að stækka frístundabyggð (F45) í landi Ytri-Skeljabrekku úr 25 ha í 44 ha og skilgreina tvö íbúðarsvæði (Í7 og Í8) fyrir þrjú íbúðarhús innan frístundabyggðarinnar.

### **Frístundabyggð**

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að uppbygging frístundabyggðar haldi áfram á þeim svæðum sem eru þegar skilgreind sem frístundasvæði og komist verði hjá því að fara inn á svæði sem eru óröskuð, verndarsvæði, hverfisverndsvæði eða á svæðum sem liggja að svæðum á náttúrumínjaskrá.

### **Íbúðarsvæði**

Þar sem skipulagstillagan tekur til íbúðarsvæðis utan þéttbýlisstaða sveitarfélagsins þá telur stofnunin mikilvægt að það komi fram í tillöggunni hvernig hún samrýmist kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum, en þar segir: „*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.*“

### **Votlendisvistgerðir**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýrvist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnað verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóuþræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóuþræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingareitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.

### Deiliskipulag

Umhverfisstofnun bendir á að þónokkuð er um votlendisvistgerðir á skipulagssvæðinu. Auk þess bendir stofnunin á að innan skipulagssvæðisins er votlendi sem fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, en hægt er að sjá útbreiðslu votlendisins á vefsjá Náttúrufræðistofnunar <https://serstokvernd.ni.is/>.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrusyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.


### Byggingar falla vel að umhverfi

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að öll mannvirki falli vel að umhverfinu. Einnig bendir stofnunin á umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í Landskipulagstefnu en þar segi: „*Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingarárfi og landslagi.*“



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefansson  
sérfræðingur